

1. fundur Starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 28. desember 2016 og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu:

Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður, Jóhannes Finnur Halldórsson aðalmaður og Júlíus Már Þórarinnsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 24. nóvember síðastliðinn, samþykkti ráðið að stofnaður yrði starfshópur um samráð og stefnumótun aldraða á Akranesi. Bæjaráð samþykkti erindisbréf starfshópsins og skipaði þær Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur formann velferðar- og mannréttindaráðs og Svölu Hreinsdóttur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs í hópinn. Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu verður ráðgefandi. Fulltrúar frá FEBAN eru þeir Jóhannes Finnur Halldórsson formaður og Júlíus Már Þórarinnsson varaformaður.

Starfshópurinn fór yfir erindisbréf hópsins. Í samræmi við verklag samkvæmt erindisbréfi mun starfshópurinn funda að lágmarki á eins mánaðar fresti. Starfshópurinn festi niður fundartíma annan og fjórða miðvikudag í mánuði til að byrja með. Starfshópurinn mun samkvæmt erindisbréfi skrá í fundagerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta máli í tengslum við störf teymisins. Starfshópurinn ræddi og forgangsraðaði þeim verkefnum sem koma fram í erindsbréfi. Óskað verður eftir því að fá Heiðrúnu Janusardóttur verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnamála inn á næsta fund ráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

*Jóhanna Finnur Halldórsson
Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir
Svala Hreinsdóttir
Júlíus Már Þórarinnsson*